

BORGARRÁÐ 12. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu rafrænna byggingarleyfa - MSS23010126

Fulltrúi Flokks fólksins fagnar því að innleiðing rafrænna byggingarleyfa sé í gangi sbr. kynningu á innleiðingunni á fundi stafræns ráðs 11. janúar sl. Í ljósi þess hversu langan tíma innleiðing rafrænna lausna hjá borginni oft tekur, langar fulltrúann að fá að vita af hverju fjórum vikum var eytt í vigtun pappírs, talningu heimsókna og símtala sem og annarra erinda? Það er löngu vitað að notkun pappírs eykur kolefnisspor og því varla þörf á frekari rannsóknum á því sviði við innleiðingu rafræns. Fulltrúinn vill einnig fá að vita af hverju tölur um fjölda símtala, heimsókna og rafrænna erinda hafi ekki legið fyrir í þjónustuverinu og þess vegna þurft að eyða tíma og fjármunum í mælingar á því sem yfirleitt liggur ljóst fyrir í þjónustuverum annarsstaðar?